

1702357 - Reglur um eftirlitsnefnd með fjármálum íþróttá- og æskulýðsfélaga – Svar við fyrirspurn

Fyrirspurn: *Eftir því sem næst verður komist var í þeim forsendum sem lágu til grundvallar útreikningi á leiguverði sem bærinn hefur greitt til FH vegna leigu á tímum í Risanum, knatthúsi, á sínum tíma gert ráð fyrir að leigan myndi duga til að greiða rekstrarkostnað vegna knatthússins og afborganir og vexti af lánum sem tekin voru vegna byggingar húsnæðisins, á umsömdum leigutíma. Með vísan til þessa er óskað eftir því að endurskoðandi bæjarins verði fenginn til að sannreyna þessar upplýsingar. Reynist þær réttar óska undirritaðir bæjarfulltrúar minnihluta bæjarstjórnar svara meirihlutans á því hvort hann telji réttlætanlegt og hvort það sé í samræmi við gr. 65 í sveitarstjórnarlögum um ábyrga meðferð fjármuna að greiða nú FH fullt verð fyrir Risann og þá í reynd fjármagna húsið í annað skipti.*

Svar: Bent er á fylgiskjal 1 í svari endurskoðanda bæjarins þar sem upplýsingar úr ársreikningum FH-knatthúsa eru teknar saman til skýringar. Vert er að benda á að í viðaukasamningi Hafnarfjarðarbæjar og FH um Risann, frá árinu 2007 er ekkert kaupleiguákvæði. Að öðru leyti er fulltrúum meirihlutans ekki unnt að meta hagkvæmni þess samnings sem gerður var við FH á þessum tíma og hvaða forsendur lágu að baki, en samningurinn var eingöngu samþykktur í íþróttá- og tómsfundanefnd en aldrei lagður fyrir bæjarstjórn. Ákvarðanir á yfirstandandi kjörtímabili eru teknar með hagsmuni iðkenda og skattgreiðenda í huga og er markmiðið að halda fjárhagsáætlun eins og frekar er unnt og vinna eins vel úr þeirri stöðu sem komin er upp.

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri og Ágúst Bjarni Garðarsson formaður bæjarráðs